

Samstarfsnefnd um fjölbrautaskóla á Suðurnesjum.

Fundargerð 2. fundar. *og þingi*

Annar fundur nefndarinnar var haldinn þriðjudaginn 27. jan. 1976, í húsnæði grunnskólans í Sandgerði og hófst hann klukkan 17⁰⁰.

Mættir voru: Gunnar Sveinsson, formaður, Sigurður Ólafsson, Ingvar Jóhannsson, Hreinn Ásgrímsson, Guðrún Sigurðardóttir og Jón Hólmgeirsson, fulltrúi Grindavíkur. Einnig sátu fundinn þeir Rögnvaldur Sæmundsson, skólastjóri Gagnfræðaskólans í Keflavík og Ingólfur Halldórsson, skólastjóri Iðnskóla Suðurnesja.

Formaður rakti gang mála frá síðasta fundi nefndarinnar. Það sem helst hefur gerst síðan þá er, að formaður ásamt Ingvari, Jóni Hólmgeirs og Rögnvaldi náðu fundi forystumanna menntamálaráðuneytisins þann 14. jan. Höfðu þeir gert aðra tilraun áður til að ná fundi þessara aðila, en urðu frá að hverfa vegna ófærðar og óveðurs.

Talsmenn ráðuneytisins í þessum viðræðum voru þeir Vilhjálmur Hjálmarsson menntamálaráðherra, Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri, Stefán Ó. Jónsson fulltrúi og Indriði Þorláksson fulltrúi.

Nefndarmenn létu í ljósi áhuga sinn á stofnun fjölbrautaskóla, er tæki til starfa næsta haust í húsakynnum Gagnfræðaskólans í Keflavík og Iðnskólans (sbr. bókun síðasta fundar og álit nefndar um fjölbrautaskóla). Talsmenn ráðuneytisins voru mjög jákvæðir í undirtektum sínum og voru allir sammála um nauðsyn á stofnun skólans. Kom meðal annars fram hjá ráðuneytisstjóra, að þegar til umræðu var stofnun menntaskóla í Kópavogi og fjölbrautaskóla í Hafnarfirði hafi þetta mál verið rætt og talin eðlileg þróun að hér á Suðurnesjum yrði stofnaður fjölbrautaskóli.

Þá gerðu ráðuneytismenn stuttlega grein fyrir hvaða mismunur væri á stofn- og rekstrarkostnaði fjölbrautaskóla og menntaskóla og spurðu hvort sá mismunur kæmi til með að tefja málið. Þeir voru þá spurðir hvort ráðuneytið myndi samþykkja stofnun menntaskóla hér á svæðinu. Við þeirri fyrirspurn fengu menn þvert nei.

Niðurstaða viðræðnanna varð sú, að samþykkt var að ráðuneytið gerði

áætlun um kostnað við skólann á fyrsta og öðru ári, svo og áætlun um námsefni og brautaval. Töldu fulltrúar ráðuneytisins að þær áætlanir gætu orðið tilbúnar í febrúarbyrjun, en á því var talin brýn nauðsyn vegna ákvarðanatöku nemenda um skólavist næsta skólaárs.

Nefndarmenn voru almennt ánægðir með árangur þessarar farar og voru sammála um að bíða eftir tillögum ráðuneytisins áður en lengra verði haldið. Þá ræddu menn nauðsyn þess að kynna hugmyndir nefndarinnar þeim aðilum er málið mun snerta mest eins og t.d. skólanefnd Iðnskólans, framámönnum iðnaðarmannafélaga o.fl. Þá ræddu menn ýmsar fleiri hliðar málanna, en engar frekari ákvarðanir voru teknar að sinni.

Fundi lauk um klukkan 19⁰⁰.

Fundarritari.

Hreinn Ásgrímsson (sign).